

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. júní 2022

**Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.), 690 mál.**

Með tölvupósti frá nefndasviðið Alþings, þann 31. maí s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál sem á sér talsverðan aðdraganda en í ágúst 2019 voru birt í samráðsgátt stjórnvalda áform um lagabreytingar vegna stuðnings stjórnvalda við lífskjarasamninga, mál nr. 178/2019 og skiluðu LL umsögn dags. 29. ágúst 2019. Í kjölfarið voru birt drög að samkynja frumvarpi í gáttinni, mál nr. 291/2019 og skiluðu LL inn umsögn, dags. 9. desember 2019. Á síðasta þingi var frumvarp lagt fyrir þingið, 700. mál, sem fékk umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd og bárust fjöldi umsagna við það þ. á m. frá LL, dags. 28. apríl 2021. Málið var afgreitt úr nefndinni til stjórnvalda til nánari úrvinnslu og voru uppfærð drög að frumvarpi birt að nýju í samráðsgáttinni í mars sl. mál nr. 66/2022. Fjöldi umsagna bárust um málið þ. á m. frá nokkrum lífeyrissjóðum.

Samkvæmt ofangreindu er ljóst að málið hefur verið lengi til umfjöllunar og hafa fulltrúar lífeyrissjóða lýst sínum sjónarmiðum.

LL vilja koma á framfæri tæknilegum ábendingum er viðkoma ákvæðum í frumvarpinu um tilgreinda séreignar.

**Tilgreind séreign, 3. og 5. gr. frumvarpsins**

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild sjóðfélaga til að ráðstafa tilgreindri séreign til annars vörsluaðila en þess lífeyrissjóðs sem móttækur iðgjald vegna lífeyrisréttinda í sameign. Síðan segir: „Skilyrði er að sömu reglur gildi um útborgun tilgreindrar séreignar og gilda mundu í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir sameignarhluta iðgjaldsins til.“

Ákvæði þetta gefur til kynna að lífeyrissjóðir hafi val um það hvernig útborgun á tilgreindri séreign sé hagað en með 5. gr. frumvarpsins er ætlunin að setja lögbundnar fastar reglur um það hvernig útborgunarreglum skuli háttað. Til að taka af allan vafa um að útborgunarreglur á tilgreindri séreign fari samkvæmt 5. gr. frumvarpsins yrði skýrara að vísa beint í það ákvæði og segja:

„Skilyrði er að reglur um útborgun tilgreindrar séreignar skv. 14. gr a gildi hjá vörsluaðila.“

Með slíkri breytingu yrði ákvæðið svohljóðandi:

„a. Við 1. mgr. bætast fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þá skal sjóðfélagi vera heimilt að ráðstafa tilgreindri séreign til annars vörsluaðila en þess lífeyrissjóðs sem móttækur iðgjald vegna lífeyrisréttinda hans í sameign. Skilyrði er að reglur um útborgun tilgreindrar séreignar skv. 14. gr a gildi hjá vörsluaðila. Tilgreindri séreign skal haldið aðgreindri frá annarri séreign sem myndast af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs skv. 1. mgr. 2. gr. og þeim hluta séreignar sem myndast hefur á grundvelli viðbótarlífeyrissparnaðar. Um uppsögn samnings um tilgreinda séreign gildir ákvæði 1. mgr. 9. gr. og um úttekt á tilgreindri séreign gildir ákvæði 14. gr. a.“

#### **Úttekt á tilgreindri séreign, 5. gr. frumvarpsins**

Í 1. málslíð 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að úttektarreglur séu með eftirfarandi hætti:

*„Heimilt er að hefja útgreiðslu tilgreindrar séreignar þegar sjóðfélagi hefur náð a.m.k. 62 ára aldri. Útgreiðsla skal dreifast á jafnar mánaðarlegar greiðslur frá því að lífeyrisþegi óskar eftir að fá tilgreinda séreign greidda út og þar til hann nær 67 ára aldri.“*


Ákvæði þetta felur í sér að sjóðfélagar hafi ekki val um að dreifa reglulegum greiðslum fram yfir 67 ára aldur og eru vart efnisleg rök sem stutt geta þá reglu. Því vilja LL leggja til breytingu á eftirfarandi veg:

*„Þegar réttthafi tilgreindrar séreignar er orðinn 62 ára er heimilt að hefja útborgun með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en þann sem sjóðfélagi vantar upp á 67 ára aldur.“*

LL eru sem fyrr tilbúin til samtals við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um efni frumvarpsins og umsögn samtakanna um það.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri